

Eftirfarandi var bókað á fundi byggðarráðs Skagafjarðar í morgun:

"Lagt fram bréf frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, dagsett 27. júní 2008, þar sem tilkynnt er um eftirfarandi úthlutun aflaheimilda í þorskígildistöðum; Skagafjörður 38 þíg., Sauðárkrókur 70 þíg. og Hofsóss 30 þíg. Veittur er frestur til fimmtudagsins 17. júlí á að skila inn tillögum að sérákvæðum um úthlutunarreglur vegna byggðakvóta fiskveiðiársins 2007/2008 fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð. Byggðarráð samþykkir að sömu reglur gildi um úthlutun byggðakvóta fyrir kvótaárið 2007/2008 og birtust í auglýsingu nr. 588, 4. júlí 2007, um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta. Jafnframt samþykkir byggðarráð að óska eftir því við sjávarútvegsráðuneytið að fallið verði frá ákvæðum um vinnsluskyldu á Hofsóssi vegna kvótaársins 2006/2007."

Í samræmi við ofanritað er þess hér með farið á leit við ráðuneytið að sömu sérreglur gildi um úthlutun byggðakvóta í sveitarfélaginu vegna kvótaársins 2007-2008 og settar voru fyrir kvótaárið 2006-2007.

Í ljósi aðstæðna, þar sem ekki hefur náðst að veiða og landa á Hofsóssi byggðakvóta núllíðandi kvótaárs, er þess jafnframt farið á leit við ráðuneytið að felld verði úr gildi sérákvæði fyrir það ár skv. auglýsingu nr. 588, 4. júlí 2007, hvað varðar löndun og vinnslu aflans á Hofsóssi.

Með von um skjóta afgreiðslu ofangreindra tveggja erinda.

Bestu kveðjur,
Guðmundur

Sveitarfélagið Skagafjörður

Sveitarstjóri
Guðmundur Guðlaugsson

Sími: 455 6000 / 898 8860 / Netfang: guðmundur@skagafjordur.is / Vefur:
www.skagafjordur.is